



FJÖLMÍÐLANEFND

12. desember 2012

Ákvörðun nr. 4/2012

Sýning á efni sem er ekki við hæfi barna fyrir vatnaskil á Stöð 2 Bíó

I.

Málsmeðferð

1.

Fjölmiðlanefnd ákvað á grundvelli 4. másl. 1. mgr. 11. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 að taka til athugunar hvort 365 miðlar ehf. (365 miðlar) hefðu brotið gegn 1. mgr. og 2. mgr. 28. gr. laganna sem fjalla um vernd barna gegn skaðlegu efni.

Dagana 20.-23. október 2012 fylgdist fjölmiðlanefnd með dagskrá allra myndmiðla sem hafa leyfi skv. 16. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 til að kanna hvort efni væri miðlað sem ekki getur talist við hæfi barna fyrir kl. 21.00 á kvöldin virka daga og fyrir kl. 22.00 á kvöldin um helgar. Um var að ræða eftirfylgni með almennu kynningarbréfi, dags. 4. september 2012, þar sem kynnt voru sérstaklega ákvæði laga um fjölmiðla er varða vernd barna. Í því bréfi kom jafnframt fram að fjölmiðlanefnd myndi fylgjast grannt með fjölmiðlum og fylgja málum eftir með stjórnvaldssektum ef á þyrfti að halda, sinni fjölmiðlaveitur ekki skyldum sínum að þessu leyti til.

Með bréfi fjölmiðlanefndar til 365 miðla, dags. 25. október 2012, var m.a. vakin athygli á því að þriðjudaginn 23. október 2012 hafi kvikmyndin *Hot Tub Time Machine* verið sýnd á Stöð 2 Bíó kl. 20.20 – 22.00. Myndin hafi verið auðkennd með gulu en slík merking þýði að þáttur sé ekki við hæfi barna yngri en 12 ára samkvæmt þeim upplýsingum sem fram hafi komið í 2. og 6. tölul. í svarbréfi 365 miðla til fjölmiðlanefndar frá 20. ágúst sl.

Í framangreindu bréfi lýsti fjölmiðlanefnd því að nefndin teldi að um hugsanlegt brot á 1. og 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla væri að ræða og óskaði eftir skýringum og sjónarmiðum 365 miðla vegna þessa. Ennfremur var í bréfinu óskað eftir sjónarmiðum 365 miðla vegna hugsanlegrar álagningar stjórnvaldssekta yrði það niðurstaða fjölmiðlanefndar að sýning kvikmyndarinnar *Hot Tub Time Machine* kl. 20.20 á Stöð 2 Bíó þriðjudaginn 23. október 2012 hafi falið í sér brot á 28. gr. laga um fjölmiðla. Þess var óskað að skýringar og sjónarmið 365 miðla bærust fjölmiðlanefnd eigi síðar en 5. nóvember 2012.



FJÖLMIDLANEFND

2.

Svar barst með tölvupósti frá 365 miðlum, dags. 5. nóvember 2012, þar sem fram kom að vegna athugasemdar vegna sýningar á Stöð 2 Bíó á kvikmyndinni *Hot Tub Time Machine* fyrir klukkan 21.00 á virku kvöldi vildu 365 miðlar þakka ábendinguna. Myndin væri vissulega bönnuð börnum innan 12 ára og hafi því verið ranglega dagskrársett af hálfu 365 miðla.

II.

Niðurstaða

1.

Í 28. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 er fjallað um vernd barna gegn skaðlegu efni. Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. laganna er fjölmiðlaveitu sem miðlar hljóð- og myndefni óheimilt að miðla efni, þar á meðal hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni, sem getur haft skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum og sér í lagi efni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi.

Undantekningar eru gerðar frá bannákvæði 1. mgr. í 2. mgr. 28. gr. Samkvæmt a-lið 2. mgr. 28. gr. er heimilt eftir kl. 21.00 á kvöldin virka daga og eftir kl. 22.00 á kvöldin um helgar og til kl. 5.00 á morgnana að miðla efni í línulegri dagskrá sem ekki er talið við hæfi barna að því tilskildu að á undan því sé birt skýr viðvörðun og það sé auðkennt með sjónrænu merki, þegar um miðlun myndefnis er að ræða, allan þann tíma sem efninu er miðlað. Samkvæmt b-lið er heimilt að miðla efni í línulegri dagskrá sem ekki er talið við hæfi barna að því gefnu að tryggt sé með viðeigandi tæknilegum ráðstöfunum að útsendingin nái ekki til barna. Í c-lið 2. mgr. 28. gr. er kveðið á um að heimilt sé að miðla hljóð- og myndmiðlunarefni eftir pöntun sem ekki er talið við hæfi barna að því tilskildu að tryggt sé með viðeigandi tæknilegum ráðstöfunum að börn hafi ekki aðgang að því.

Í 3. mgr. 28. gr. kemur fram að undantekningarákvæði a- og b-liðar 2. mgr. 28. gr. taki ekki til hljóð- og myndefnis sem geti haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna.

Í athugasemdum við 28. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 kemur fram að ákvæðið eigi sér samsvörðun í almennum ákvæði um vernd barna í hljóð- og



FJÖLMÍÐLANEFND

myndmiðlunartilskipun ESB, sem lögin fólu í sér innleiðingu á.

2.

Kvikmyndin *Hot Tub Time Machine* var sýnd þriðjudagskvöldið 23. október 2012 á Stöð 2 Bío og hófst sýning hennar kl. 20.20. Kvikmyndin var auðkennd með gulu merki sem þýðir að myndin sé ekki við hæfi barna yngri en 12 ára. Það mat 365 miðla er í samræmi við mat viðurkennda skoðunarkerfisins Kijkwijzer frá NICAM en í gagnagrunni þess kemur fram að myndin sé ekki við hæfi barna en 12 ára.

Í svari 365 miðla, sem barst með tölvupósti þann 5. nóvember 2012, kemur fram að 365 miðlar þakki ábendinguna um sýningu á *Hot Tub Time Machine* fyrir klukkan 21.00 á virku kvöldi. Myndin sé vissulega bönnuð börnum innan 12 ára og hafi því verið ranglega dagskrársett af hálfu 365 miðla.

Það er niðurstaða fjölmiðlanefndar að 365 miðlar hafi brotið gegn 1. og 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla með því að senda út kvikmyndina *Hot Tub Time Machine* fyrir kl. 21.00 þriðjudaginn 23. október 2012, enda var óheimilt að miðla umræddu efni, sem ekki er við hæfi barna, fyrr en eftir kl. 21.00 á virkum degi, sbr. a-lið 2. mgr. 28. gr.

Samkvæmt 54. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 leggur fjölmiðlanefnd stjórnvaldssektir á lögaðila vegna brota á 28. gr. Þó má falla frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beitingu sekta, sbr. 1. málsl. 5. mgr. 54. gr. Á grundvelli umræddrar heimildar hefur fjölmiðlanefnd ákveðið að falla frá sektarákvörðun í málinu.

III. Ákvörðunarorð

„365 miðlar ehf. brutu gegn 1. og 2. mgr. 28. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 með sýningu kvikmyndarinnar *Hot Tub Time Machine* þriðjudaginn 23. október 2012 kl. 20.20 á Stöð 2 Bío.

Með vísan til 5. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla er fallið frá sektarákvörðun í máli þessu.“



FJÖLMÍÐLANEFND

Elfa Ýr Gylfadóttir